

Náttúrufræðistofnun Íslands
Guðmundur A Guðmundsson
Urriðaholtsstræti 6-8
212 Garðabær



Vestmannaeyjum 24. maí 2017
UST201705-169/P.V.B.
09.05.01

Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttekið erindi Guðmundar A. Guðmundssonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dags 21. maí 2017 þar sem óskað er eftir rannsóknarleyfi innan Reykjanesfólkvangs, friðlandsins Eldeyjar, Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Ströndinni við Stapa og Hellna 25. maí -7. júní.

Eldey var friðlýst sem friðland árið 1974 sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B nr. 119/1974. Bannað er að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar.

Reykjanefolkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Ströndin við Stapa og Hellnar var friðlýst sem friðland árið 1988 sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B 284/1988. Óheimilt er að trufla fuglalíf á svæðinu.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfisráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir rannsóknum á náttúrfari og menningarminjum innan þjóðgarðsins sbr. 20. gr.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða talningu á toppskarfahreiðrum. Athuganir fara fram úr lofti en flogið verður tveggja hreyfla flugvél af gerðinni Partinavia framhjá fuglabjörgum í 500 m fjarlægð og 500 feta (150 m) hæð einu sinni á hverjum stað og björgin mynduð út um hliðarrúðu. Gera má ráð fyrir að einhverjur fuglar gætu fælst af hreiðrum en snúa strax aftur. Innan Reykjanesfólkvangs yrði Krísuvíkurbjarg myndað. Á ströndinni milli Stapa og Hellna yrði myndað við Arnarstapa og innan þjóðgarðsins yrði myndað við Lónsbjörg, Þúfbjarg og Svörtuloft. Einnig var óskað eftir leyfi að mynda við Keflavíkurbjarg en það er utan þjóðgarðsins. Við Eldey verður flogin víður hringur réttsælis í 500 feta hæð og svo 2 yfirflug í 1500 og 2500 feta hæð. Flugið við Eldey er tilraunarflug vegna fyrirhugaðra talningar á súlu árið 2018.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur sem svo að ekki sé um leyfiskylda framkvæmd að ræða við Eldey og innan Reykjanesfólkvangs miðað við ofangreinda verkefnislýsingu. Stofnunin metur sem svo að framkvæmd

rannsóknarinnar sé ekki til þess fallin að rýra verndargildi Þjóðgarðsins og friðlandsins við Ströndina við Stapa og Hellna. Stofnunin veitir fyrir sitt leyti heimild fyrir rannsókninni miðað við ofangreinda verkefnislýsingu með eftirfarandi skilyrðum:

- Þjóðgarðsvörður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökuli sé láttinn vita um nánari tímasetningar flugsins áður en það fer fram.
- Þess sé gætt að valda ekki óþarfa truflun á fuglalífi svæðanna.
- Reglum um sjónflug sé fylgt.

Virðingarfyllst



KHMVERFISSTOFNUN
KRISTÍN KALMANSÓTTIR
Sviðstjóri

Pórdís V. Bragadóttir

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur